

6. gr.

Hættulega hunda og hunda sem ráðast á menn eða skepnur, skal fjarlægja þegar í stað. Lögreglustjóri og heilbrigðisfulltrúi taka ákvörðun um það hvernig með skuli fara og geta þeir afturkallað leyfi og fyrirskipað aflifun hunds og skal hún fara fram að höfðu samráði við dýralækni.

7. gr.

Um önnur atriði svo og brot gegn samþykkt þessari eða gegn reglum settum samkvæmt þeim fer skv. lögum nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

8. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Ísafjarðarkaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit samanber og 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um hundahald í Ísafjarðarkaupstað frá 20. júlí 1984.

Ákvæði til bráðabirgða.

- a) Allir hundeigendur í Ísafjarðarkaupstað skulu láta skrá/endurskrá hunda sína samkvæmt ákvæðum 2. gr. þessarar samþykktar.
Að liðnum 3 mánuðum frá gildistöku samþykktar þessarar skal fara með alla óskráða hunda samkvæmt ákvæði 6. gr.
- b) Eindagi leyfisgjalds fyrir árið 1987 eru 3 mánuðir frá gildistöku samþykktarinnar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. júní 1987.

F.h.r.

Ingimar Sigurðsson.

Soffía P. Magnúsdóttir.

GJALDSKRÁ**fyrir hundahald í Ísafjarðarkaupstað**

1. gr.

Gjald fyrir leyfi til þess að halda hund í lögsagnarumdæmi Ísafjarðarkaupstaðar sbr. 7. lið 1. gr. samþykktar um hundahald í Ísafjarðarkaupstað frá 15. júní 1987 skal vera 400 kr. fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði árið 1987. Gjaldið greiðist fyrir fram allt tímabilið.

2. gr.

Gjald fyrir töku á hundum sbr. 3. gr. samþykktar um hundahald í Ísafjarðarkaupstað skal vera kr. 2 000 í fyrsta skiptið, kr. 3 500 í annað skiptið og kr. 5 000 í þriðja skiptið.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðar staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. júní 1987.

F.h.r.

Ingimar Sigurðsson.

Soffía P. Magnúsdóttir.